



Auglýsing um skipulagsmál í Reykhólahreppi

Um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal í Reykhólahreppi

Hreppsnefnd Reykhólahrepps auglýsir hér með breytingu á samþykktu deiliskipulagi á deiliskipulagðri frístundabyggð í landi Fremri-Gufudals í Reykhólahreppi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagbreytingin felur í sér fjölgun sumarhúsalóða úr fimm í sex auk lóðar fyrir íbúðarhús. Deiliskipulagið nær, eins og áður, til 21,5 ha svæðis á heimatúni Fremri-Gufudals.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð er til sýnis á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, 380 Reykhólum, frá **22. júlí 2010** til **22. ágúst 2010**. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Athugasemdum skal skila til skipulags- og byggingarfulltrúa Reykhólahrepps fyrir **7. september 2010** og skulu þær vera skriflegar.

Berist ekki athugasemdir innan tilskilins frests telst tillagan samþykkt.

Búðardal, 07.2010

Skipulags- og byggingarfulltrúi